



Hafnarfjarðarbær
b/t menningar- og ferðamálanefndar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Hafnarfirði, 12. nóvember 2021

Efni: Húsnæðismál Leikfélags Hafnarfjarðar

Leikfélag Hafnarfjarðar (LH) ítrekar ósk sína eftir viðræðum við Hafnarfjarðarbæ um endurnýjun samstarfssamnings og aðstoð við að finna félaginu aðstöðu vegna núverandi húsnæðisvanda þess.

Samstarfssamningur leikfélagsins og bæjarins sem fól í sér aðstöðu fyrir félagið í kapellu St. Jó rann út í sumar og hefur félagið fengið að vera í húsnæðinu áfram þar sem framkvæmdir við aðstöðuna hafa ekki hafist nema að litlu leyti. Nú er félagið á leið úr kapellunni vegna framkvæmdanna.

Í maí sl. óskaði þáverandi formaður félagsins eftir viðræðum við menningar- og ferðamálanefnd til þess að ræða starfið og stöðu mála vegna samnings félagsins við bæinn og aðstöðuna í kapellunni. Nefndin ræddi erindið og húsnæðismál LH á fundi sínum 23. júní og vísaði áfram til bæjarráðs. Í framhaldi funduðu nýr formaður og varaformaður LH í september sl. með Ragnheiði Agnarsdóttur, verkefnastýru St. Jó, og Sigurði Nordal sviðsstjóra Stjórnsýslusviðs um húsnæðismálin og aðstöðuna í St. Jó. Þar var leikfélagið upplýst um áætlaða framvindu framkvæmda og sagt að ekki væri annað húsnæði fyrir félagið í sjónmáli.

Leikfélag Hafnarfjarðar fékk inni í kapellunni sumarið 2019 eftir langt húsnæðisleysi. Það tók rúmt ár að koma húsnæðinu í viðunandi stand með heitu vatni, ræstikompu og viðbótarsalerni svo leyfi heilbrigðiseftirlits fengist fyrir starfsemi og 30 gesti. Nokkrum mánuðum síðar var annað tveggja salerna fjarlæggt. Þessar takmarkanir hafa ásamt Covid staðið starfsemi að miklu leyti fyrir þrifum en þó hefur kapellan nýst félaginu vel eftir aðstæðum og verið góð félagsaðstaða. Tekist hefur að þjálfa nýliða og lengra komna í leiklist og leikritun, höfundasmiðjan hefur eflst til muna og mörg ný verk litið dagsins ljós, nýjar aðferðir við skriftir, leik og framsetningu og nýir félagar, áhorfendur og aðdáendur hafa bæst í hópinn. Undanfarið hafa staðið yfir æfingar á nýju gamanleikriti í fullri lengd eftir höfundasmiðju LH sem nokkrum sinnum hefur frestast vegna aðstæðna en útlit er nú fyrir að verði sýnt í Kópavogi eftir áramót, þar sem Leikfélag Kópavogs hefur boðist til þess að skjóta skjólshúsi yfir sýninguna ef okkur ekki tekst að finna aðstöðu fyrir hana í Hafnarfirði.

LH hefur brennandi áhuga á að halda áfram að efla starfsemi sína og bjóða Hafnfirðingum uppá áhugaleikhússtarfsemi af bestu gerð, með námskeiðum, opnu húsi, höfundasmiðju, stuttverkahátíðum og vönduðum leiksýningum, frumsömdum sem og þekktum verkum af öllu tagi, eins og leikfélagið hefur sýnt og sannað að það hefur alla burði til.

Til þess er nauðsynlegt að hafa afdrep af einhverju tagi.

Með vinsemd og virðingu,

f.h. Leikfélags Hafnarfjarðar,

Gísli Björn Heimisson formaður